

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

September 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Fjöldi brota árið 2010 eftir embættum

Á mynd 1 eru birtar niðurstöður á fjölda brota árið 2010 eftir embættum. Hegningarlagabrot voru flest skráð á höfuðborgarsvæðinu, 10.868, 936 á Suðurnesjum, 799 á Selfossi og 685 á Akureyri. Meirihluti umferðarlagabrota var á höfuðborgarsvæðinu eða 50%. Tæp 20% þeirra voru á Selfossi og 11% í umdæmi Borgarnes. Stafrænar hraðamyndavélar eru staðsettar í öllum þessum umdæmum, auk þess sem umferð er mikil á þessum svæðum. Skráð sérrefsilagabrot voru 2.274 á höfuðborgarsvæðinu og það er ekki nema í umdæmi Suðurnesja og Akureyri sem brotin telja á yfir annað hundrað eða 426 á Suðurnesjum og 336 á Akureyri. Af heildarfjölda brota var um helmingur allra skráðra brota á höfuðborgarsvæðinu eða 55%. Tölur fyrir árið 2010 eru bráðabirgðatölur.

Embætti	Hegningarlagabrot		Umferðarlagabrot		Sérrefsilagabrot	
	2010	2010	2010	2010	2010	2010
Akranes	238	561		53		
Akureyri	685	895		336		
Blönduós	65	940		25		
Borgarnes	249	6.221		76		
Eskifjörður	150	1.737		79		
Húsavík	98	284		56		
Hvolsvöllur	71	1.054		44		
Höfuðborgarsvæðið	10.868	27.307		2.274		
Sauðárkrúkur	73	275		27		
Selfoss	799	10.700		190		
Seyðisfjörður	80	407		59		
Snæfellsnes	59	459		26		
Suðurnes	936	3.083		426		
Vestfirðir	234	457		112		
Vestmannaeyjar	182	255		114		
Alls	14.787	54.635		3.897		

*Mál sem skráð eru hjá ríkissóknara og ríkislögreglustjóra eru ekki talin með hér.


*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi Borgarnes, Eskifjörð, höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og á Suðurnesjum.

Mynd 1. Fjöldi brota 2010, eftir embætti.

Þróun það sem af er ári

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2009, 2010 og það sem af er 2011. Skráð hegningarlagabrot í september á þessu ári voru 1.186 sem er um 12% fleiri brot en skráð voru í ágúst. Samanburður á fjölda brota í september 2011 við sama tímabil árið 2010 sýnir að þeim hefur fækkað um 11%. Alls voru 9.350 hegningarlagabrot skráð fyrstu níu mánuði ársins. Smá sveifla er í þróun hegningarlagabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið um 34 brot á dag það sem af er árinu 2011.

Þegar borinn er saman fjöldi brota frá janúar til september milli árána 2010 og 2011 má sjá að fækkun hefur orðið í flestum brotaflokkum. Innbrotum fækkaði mest eða um 37% en næstmest fækkaði hraðakstursbrotum eða um tæp 31%. Líkamsárásur og brotum er falla undir „Ölvun við akstur“ fækkaði minnst. Fíkniefnabrot var eini brotaflokkurinn þar sem aukning var milli ára en þeim fjölgaði um 21%. Hlutfallsbreytingar milli árána 2009 og 2011 sýna svipaðar niðurstöður en þar hefur orðið fækkun í öllum brotaflokkum að undanskildum fíkniefnabrotum sem fjölgaði um 41%.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar- september 2009, 2010 og 2011

	Jan.-sept.'09	Jan.-sept. '10	Jan.-sept. '11
Hraðakstursbrot	31.174	32.951	22.830
Þjófnaðarbrott	3.965	3.865	3.108
Eignaspjöll	2.386	2.272	1.921
Innbrot	2.794	2.195	1.379
Ölvun við akstur	1.123	990	937
Fíkniefnabrot	981	1.143	1.385
Líkamsárás (217.-218. gr.)	839	857	777